

Nr. 085 / 11 Sæþota**Tók niðri á Kópavogi**

Tegund Seadoo98
Smíðaður: Kanada 1998, plast
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS



Seadoo 98 (Mynd tengist ekki málinu)

Málið afgreitt á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 18. júní 2011 var sæþota á siglingu á Kópavogi. Veður: SV 2 m/sek.

Bátsverji var á fullri ferð en hægði á til að beygja framhjá skeri en sá þá ekki stein sem stóð aðeins upp úr haffletinum og steytti á honum með þeim afleiðingum að hann kastaðist af sæþotunni. Þar sem steinninn lenti á öðru skíðinu hvolfdi farartækinu en bátsverjinn gat dregið það upp í skerið til að forða frekari skemmdum.

Menn í landi hringdu í Neyðarlínuna og voru björgunaraðilar kallaðir út sem björguðu bátsverjanum í land óslösuðum.

Við rannsókn kom fram:

- að stjórnandinn kvaðst hafa haft takmarkað útsýni vegna sólarljóss;
- að vélin stöðvaðist þegar stjórnandi féll af tækinu eins og hún átti að gera;
- að stjórnandinn kvaðst ekki hafa kynnt sér hættur á þessu svæði og oftast farið úr fjöru í siglingar án þess að gera það sérstaklega;
- að stjórnandinn hafði einu sinni áður siglt þarna um en var vanur öðrum svæðum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.